

# 50. fundur bæjarráðs

50. fundur bæjarráðs Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn miðvikudaginn 23. september 2015 í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 8:10

**Mætt:** Gunnar Egilsson, formaður, D-lista, Sandra Dís Hafþórsdóttir, bæjarfulltrúi, D-lista, Helgi Sigurður Haraldsson, bæjarfulltrúi, B-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, S-lista, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, sem ritaði fundargerð.

Viðar Helgason, Æ-lista, boðaði forföll.

## Dagskrá:

Fundargerðir til kynningar	
1.	<a href="#"><u>1501278 – Fundargerð stjórnar SASS</u></a>
	497. fundur haldinn 4. september 2015
	Fundargerðin lögð fram.
2.	<a href="#"><u>1502042 – Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga</u></a>
	830. fundur haldinn 11. september 2015
	Fundargerðin lögð fram.
3.	<a href="#"><u>1505126 – Fundargerð stjórnar þjónustusvæðis Suðurlands í málefnum fatlaðs fólks</u></a>
	15. fundur haldinn 15. september 2015
	Fundargerðin lögð fram.
Almenn afgreiðslumál	

4.	<a href="#"><u>1509118 – Beiðni Orkufjarskipta, dags. 8. september 2015, um leyfi Sveitarfélagsins Árborgar sem landeiganda fyrir lagningu ljósleiðara meðfram Suðurhólum í tengivirki á Selfossi</u></a>
	Bæjarráð veitir leyfi sem landeigandi fyrir lagningu strengsins í landi sveitarfélagsins. Bæjarráð vísar umsókn um framkvæmdaleyfi til skipulags- og byggingarnefndar.
5.	<a href="#"><u>1506207 – Styrkbeiðni Fischerseturs, dags. 18. september 2015, skákkennsla í Fischersetri 2015-2016</u></a>
	Bæjarráð samþykkir að veita styrk til verkefnisins, kr. 125.000 verði greiddar út fyrir áramót vegna haustannar og 125.000 kr. eftir áramót vegna vorannar.
6.	<a href="#"><u>1509044 – Styrkbeiðni Samtaka dagforeldra á Suðurlandi, dags. 8. september 2015</u></a>
	Bæjarráð hafnar erindinu og felur framkvæmdastjóra að svara erindinu.
7.	<a href="#"><u>1509105 – Athugasemd Sigríðar J. Guðmundsdóttur, dags. 12. september 2015, vegna umferðar við Engjaveg frá Reynivöllum að Langholti</u></a>
	Bæjarráð þakkar erindið, nýverið var samþykkt í framkvæmda- og veitustjórn að setja hraðahindrun á Engjaveg á móts við Grenigrund.
8.	<a href="#"><u>1509110 – Styrkbeiðni Héraðsskjalasafns Árnesinga, dags. 14. september 2015, vegna ljósmyndaverkefnis á Héraðsskjalasafninu á árinu 2016</u></a>
	Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar.
9.	<a href="#"><u>1509115 – Fyrirspurn Örnú Írar Gunnarsdóttur, S-lista, um kostnað við að skipta um gúmmí á fimm sparkvöllum í sveitarfélaginu</u></a>

	<p>Lögð var fram eftirfarandi fyrirspurn: Í Sveitarfélaginu Árborg eru 5 sparkvellingir/knattspyrnuvellingir þar sem notað er endurrunnið dekkjagúmmí. Undanfarin ár hefur verið mikil umræða um heilsuspillandi áhrif þess að slíkt gúmmí sé notað á slíkum völlum. Vegna þessa óska ég eftir að það verði skoðað hvað það felur í sér mikla kostnaðaraukningu að skipta út því endurunna dekkjagúmmí, sem notað er í dag í sveitarfélaginu, í umhverfisvænt gúmmí?</p> <p>Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi S-lista Bæjarráð vísar fyrirspurninni til Braga Bjarnasonar, menningar- og frístundafulltrúa.</p>
<b>10</b>	<b><u><a href="#">1504009 – Yfirlit yfir útsvar og greiðslur úr Jöfnunarsjóði fyrir ágúst 2015</a></u></b>
.	Lagt var fram yfirlit yfir útsvarstekjur sveitarfélagsins og greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir janúar til ágúst 2015.
<b>Erindi til kynningar</b>	
<b>11</b>	<b><u><a href="#">1509112 – Boð Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna umhverfisþings 2015, 9. október nk.</a></u></b>
.	Lagt fram til kynningar.
<b>12</b>	<b><u><a href="#">1505237 – Fjárhagsáætlun 2016-2019, minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna vinnslu fjárhagsáætlana</a></u></b>
.	Lagt fram til kynningar.
<b>13</b>	<b><u><a href="#">1405420 – Fréttabréf Upplýsingamiðstöðvar á Selfossi, september 2015</a></u></b>
.	Lagt fram til kynningar.
<b>14</b>	<b><u><a href="#">1508020 – Skýrsla Vinnumálastofnunar, staða á vinnumarkaði ágúst 2015</a></u></b>
.	Lagt fram til kynningar. Atvinnuleysi á Suðurlandi mælist nú 1,8%.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 09:05.

Gunnar Egilsson		Sandra Dís Hafþórsdóttir
Helgi Sigurður Haraldsson		Arna Ír Gunnarsdóttir
Ásta Stefánsdóttir		